

Reykjavík, 6. desember 2017

**Efni: Breyting á grundvelli aðildargjalds sveitarfélaga að rammasamningum ríkisins 2017 og 2018**

Meðfylgjandi er uppfærður reikningur vegna aðildargjalds sveitarfélagsins að rammasamningum 2017.

Ágæti viðtakandi,

Ofangreind breyting er tilkomin vegna athugasemda sveitarfélaga um það ójafnræði sem þrepaskipt aðildargjald, með rekstrarútgjöld sem viðmið, skapaði milli sveitarfélaga. Ríkiskaup hafa tekið málið til gagngerar endurskoðunar í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti. Aðildargjald ársins 2017 mun taka mið af rammasamningsveldu A- og B-hluta sveitarfélaga árið 2016 samkvæmt upplýsingum seljenda. Gjaldið verður 1,75% af veltu sveitarfélags, þó þannig að lágmarksgjald verður áfram 200 þkr. án/vsk. en hámarksgjald 3 mkr. án vsk. Eins og ætíð leggst einnig 24% virðisaukaskattur ofan á gjaldið. Ríkiskaup kreditfæra þá reikninga fyrir aðildargjöld sem þarf að leiðrétta og senda viðkomandi sveitarfélögum nýjan reikning og eftir atvikum endurgreiðslu.

Þau sveitarfélög sem eiga eftir að senda Ríkiskaupum aðildarumsóknina frá því í sumar þurfa að gera það nú ásamt lista yfir þær kennitölur undirstofnana í A- og B-hluta sem eiga að njóta kjara rammasamninga.

Umhverfi opinberra innkaupa og þá rammasamningakerfið sérstaklega hefur tekið stakkaskiptum síðastliðin misseri, í kjölfar breyttrar áherslu stjórnvalda og nýrra laga um opinber innkaup. Margir nýir rammasamningar hafa miðað að því að fækka birgjum, semja við svokallaða forgangsbirgja um ákveðna vöruflokka og ná þannig mun betri kjörum en áður fyrir opinbera aðila auk þess sem mikil áhersla er lögð á notkun örútboða um ýmsa vöru og þjónustu innan rammasamninga.

Rammasamningar sem um ræðir eru af margvíslegum toga en eiga það sameiginlegt að taka á útgjaldafrekum og tíðum innkaupum á almennum rekstrarvörum og þjónustu. Nýlegir samningar eru um kaup á úrgangsbjónustu, tölvubúnaði, Microsoft hugbúnaðarleyfum, plastvöru, ljósritunarpappír, skrifstofuvörum, netbúnaði og nú síðast miðlægum tölvubúnaði.

Auk þessara nýju samninga hefur náðst gífurlegur árangur með tilkomu sameiginlegra örútboða innan rammasamninga sem Ríkiskaup annast fyrir aðila að rammasamningakerfinu. Má þar nefna, kaup á námsgögnum og tölvubúnaði fyrir hin ýmsu sveitarfélög og kaup á raforku svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar um umrædda rammasamninga og aðra samninga í kerfinu eru að finna á vef Ríkiskaupa: <https://www.ríkiskaup.is/rammasamningar/leit-i-rammasamningum/voruflokkaleit>

Virðingarfyllst,



Halldór Ó. Sigurðsson  
forstjóri Ríkiskaupa



Ríkiskaup  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík  
Kt. : 660169-4749  
Vsk. nr. 11371

## REIKNINGUR

AFRIT

Ísafjarðarbær  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

Útgáfudagur: 01.12.2017  
Kennitala : 540596-2639  
Reikningsnr : 3006501  
PO Númer :  
Gjaldmiðill : ISK  
Bls. : 1 af 1

Lýsing	Magn	Ein. verð	Vsk.%	Samtals
Leiðrétt aðildargjald rammasamninga 2017	1,00	558.000,00	24,0	691.920

Samtals .....: 691.920  
Vsk. 24%.....: 133.920

Greiðsluskilmálar: Eindagi:  
60 daga 30.01.2018

Sendingarmáti:

Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, sé skuld ógreidd á eindaga.



Ríkiskaup  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík  
Kt. : 660169-4749  
Vsk. nr. 11371

## KREDITREIKNINGUR

# AFRIT

Ísafjarðarbær  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

Útgáfudagur: 01.12.2017  
Kennitala : 540596-2639

Reikningsnr : 3006548  
PO Númer :  
Gjaldmiðill : ISK  
Bls. : 1 af 1

Lýsing	Magn	Ein. verð	Vsk.%	Samtals
Leiðrétt aðildargjald rammasamninga 2017	-1,00	1.000.000,00	24,0	-1.240.000

Samtals .....: -1.240.000  
Vsk. 24%.....: -240.000

Eindagi:  
01.12.2017

Sendingarmáti:

Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, sé skuld ógreidd á eindaga.

Reikningur úr rafrænu bókhaldskerfi skv. reglugerð nr. 505/2013